

## Aðalfundur í Sýn hf.

18. mars 2022

Föstudaginn 18. mars 2022 klukkan 15.00 er haldinn aðalfundur hjá Sýn hf. í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður, setti fundinn. Lýsti hann því að fundurinn væri rafrænn að hluta og lýsti fyrirkomulagi fundarins að því leyti, atkvæðagreiðsla væri rafræn í heild og mögulegt væri að senda fyrirspurnir með rafrænum hætti, en þeir sem mættu í eign persónu á fundinn gætu tekið til máls. Lagði hann til að Kristinn Hallgrímsson hrl. myndi annast fundarstjórn. Tillagan var samþykkt og tók fundarstjóri við stjórn fundarins.

Fundarstjóri fór yfir boðun aðalfundarins, sem hefði farið fram með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í Kauphöll og dagblöðum með þeim hætti sem áskilið væri. Hefðu auglýsingarnar verið með tilskyldum þriggja vikna frests samþykktu félagsins. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir hluthafa sem hafa að baki sér 55,64% hlutfjár. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

Fundarstjóri gerði tillögu um Huldu Katrínu Stefánsdóttur, lögmann, sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Lýsti fundarstjóri að greidd yrðu atkvæði með rafrænum hætti eftir því sem þörf væri á. Mögulegt væri að greiða atkvæði þegar í stað um þær tillögur sem atkvæði yrðu greidd um, að öðru leyti en 9. lið fundarins þar sem stjórnarkjör væri að dagskrá. Eins væri mögulegt að setja fram rafrænar fyrirspurnir hvenær sem er. Skýrði fundarstjóri að útsendingu væri seinkað lítillega og áhrif þess.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári

Fundarstjóri gaf Hjörleifi Pálssyni, formanni stjórnar, orðið.

Hjörleifur fór yfir stöðu félagsins og horfur og kvaðst sannfærður um að þetta ár yrði árið „okkar“ þar sem hluthafar, stjórnendur og starfsmenn fengju að njóta árangursins af þolinmæðinni og þrautseigjunni. Vísaði hann því tengdu til þeirra krefjandi viðfangsefna sem starfshópurinn hefði sigrast á síðastliðin þrjú ár. Aðstæðurnar hefðu krafist hraðra og nauðsynlegra breytinga og um það hafi vinna síðastliðinna ára snúist þar sem viðskiptavinir væru í öndvegi, þjónustan, vörur og verð hafi verið endurhugsuð, unnið með ferla og kerfi félagsins og starfsemin endurfjármögnuð með eignasölu.

Vék formaður næst að nauðsyn þess að njóta vinnunnar og hafa gaman, slíkt skilaði sér enda svikalaust til hlustenda og áhorfenda og allra annarra. Samvinnan og starfsandinn væri enda þeirra helsta vopn í því skrautlega samkeppnisumhverfi sem félagið byggði enn við og vísaði þar m.a. til ríkisrekens afþreyingarmiðils. Á sama tíma kvaðst hann fagna því að á fjarskiptasviðinu væru nú útlit fyrir að loks yrði skorið á þau tengsl sem verið hafa milli innviða og stærsta markaðsaðilans hingað til.

Fjallaði hann næst um innri mál stjórnar og kvað starfið hafa gengið vel á liðnu starfsári. Stjórnarfundir hafi verið þrettán talsins þar sem aðalviðfangsefnin hafi verið að fylgja eftir umbreytingu félagsins, sölu eigna og framtíðarvexti. Starfsandinn hafi verið góður og samstarf við forstjóra félagsins með ágætum. Tveir stjórnarmenn færu nú til annarra verka af góðum og gildum ástæðum og þakkaði hann Tanyu Zharov og Sigríði Völu Halldórsdóttur fyrir samstarfið á liðnum árum fyrir hönd stjórnar og óskaði þeim góðs gengis í nýjum verkefnum. Á þessum tímamarki kveddi félagið einnig reynslumesta tilnefningarnefndarformann landsins, Ragnheiði Dagsdóttur, sem hafi byggt upp og stýrt

tilnefningarnefnd Sýnar, sem var fyrsta skráða félagið til að setja upp slíka nefnd árið 2014. Þakkaði hann henni fyrir farsælt og gott starf fyrir hönd stjórnar.

Vék hann næst að starfsumhverfi í umhverfi sem breyst gæti á svipstundu sem styrjaldarástand í okkar heimshluta væri skýrt dæmi um. Þá skipti máli að byggja upp traust fyrirtæki með heilbrigða menningu og góða aðlögunarhæfni. Örugg fjarskipti væru lífsspursmál og sama gilti um vandaðann og hlutlausan fréttáflutning í frjálsu lýðræðissamfélagi. Það væri líka lífsspursmál að geta slitið hugann undan veruleikanum af og til og kæmi afþreyingarhluti starfseminnar þar inn sterkari en nokkru sinni áður.

Vék hann að lokum stuttlega að þeim góða rekstrarhagnaði sem starfsemi þessa árs hafi skilað sem byggði á þeim grunni sem lagður hafi verið og vegferð á liðnum árum. Færði hann að lokum viðskiptavinum, starfsmönnum og öðrum þakkir stjórnar fyrir frábæra frammistöðu á liðnu ári.

Fundarstjóri lagði að því loknu til að forstjóri fengi orðið til að fjalla um rekstur félagsins á liðnu ári og ársreikning áður en mælendaskrá yrði opnuð. Hreyfði enginn mótmælum.

## 2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar

Heiðar Guðjónsson, forstjóri, kom næst í pontu. Hóf hann mál sitt á að fjalla um viðsnúning félagsins frá þeirri erfiðu stöðu sem uppi var í rekstri félagsins árin 2019-2020 þar sem taprekstur hafi verið verulegur, ánægja viðskiptavina í lágmarki, Enska úrvalsdeildin hafi færst til Símans og Fréttablaðið hafi hætt að deila efni með Vísi.

Viðsnúningur félagsins frá þessum tíma væri mikill og áþreifanlegur á mikilvægustu sviðunum. Ástæðurnar mætti rekja til ýmissa þjónustubreytinga sem skipt hafi miklu fyrir ánægju viðskiptavina. Nefndi hann helstu breytingar, m.a. að Stöð 2 hafi orðið að hreinni áskrifarstöð, innlend framleiðsla sjónvarpsstöðva stórefld, Stöð 2 Sport skipt upp í innlent og erlent efni, Stöð2+ sett í forgang enda stærsta íslenska efnisveitan – hin íslenska Netflix, fyrirkomulagi auglýsingasölu stokkað upp, innviðir seldir, m.a. dótturfélagið í Færeyjum og fjárfest hafi verið í innri kerfum sem efli m.a. sjálfsafgreiðslu, en smíðshöggvið yrði rekið á það á komandi starfsári.

Vék hann næst að árangri breytinganna og nefndi þar m.a. að ánægja viðskiptavina hafi ekki mælst hærrí í áratuga sögu fyrirtækisins og sama ætti við um ánægju starfsmanna. Áskrifendur Stöðvar 2 hafi ekki verið fleiri í áratug og aldrei fleiri áskrifendur að Stöð2+ og Stöð2 Sport. Útvarpssviðið væri það stærsta á landinu og Vísir stærsti fjölmiðill landsins, en 80% landsmanna í aldurshópnum 18-80 ára heimsæktu vefinn á hverjum degi en til samanburðar væri hlutdeild BBC í Bretlandi 20% í sama aldurshópi.

Árangurinn hafi enda leitt til viðsnúnings í rekstri en afkoma af reglulegri starfsemi hafi batnað um yfir 950 millj. kr. á milli ára. Batinn væri stigvaxandi og náðst hafi 300 millj.kr. hagnaður í árslok þegar leiðrétt hafi verið fyrir söluhagnaði- og tapi.

Vék hann næst að umfjöllun um rekstrarreikning liðins starfsárs og helstu lykiltölum úr rekstri. Taldi hann miklu skipta að búið væri að minnka áhættu félagsins verulega með lækkun skulda. Vaxtaberandi skuldir næmu nú 70% af EBIDTU félagsins, þ.e. broti af EBIDTU, en ekki af margfeldi hennar eins og var á árunum 2019 og 2020. Ræddi hann einnig um leiguskuldbindingu sem færð væri í bækur félagsins samhliða sölu innviða og tilheyrandi leigusamnings, að kröfu endurskoðenda félagsins, á sama tíma og helsti samkeppnisaðili félagsins teldi sér það óskýlt við sambærilegar aðstæður, þ.e. við sölu Símans á Mílu. Sagðist forstjórinn ósammála færslu leiguskuldbindingarinnar.

Þakkaði hann stjórnarformanni fyrir frábært samstarf á árinu og stjórninni allri. Sérstakar þakkir færði hann Tanyu og Sigríði sem hyrfu nú til annarra verka. Færði hann jafnframt öllu starfsfólki félagsins og öðrum sem lögðu hönd á plóg fyrir þátttöku í þessum miklu breytingum hjá félaginu.

Að því loknu gaf fundarstjóri orðið laust um ársreikning og skýrslu stjórnar og upplýsti jafnframt að engin rafræn fyrirspurn hafi verið borin upp. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Bar fundarstjóri ársreikning félagsins upp til samþykktar. Truflun var á virkni atkvæðakerfis rafræna fundarkerfisins og lá niðurstaða ekki fyrir. Lagði fundarstjóri því til að haldið yrði í næsta dagskrárlið og gerð yrði grein fyrir niðurstöðu atkvæða tengd ársreikningnum síðar á fundinum. Hreyfði enginn mótmælum.

### 3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2021

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

„Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2021, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingu á eigin fé.“

Vék fundarstjóri að sjónarmiðum að baki tillögunni en í ljósi endurkaupa eigin hluta, tillögu um lækkun hlutafjár, sem og arðgreiðslustefnu félagsins legði stjórn ekki til að greiddur yrði arður vegna rekstrarársins 2021.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Engin óskaði eftir að taka til máls. Bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði. Viðstaddur fundarmaður í sal upplýsti að sambandið við rafræna fundarkerfið hefði rofnað og hann gæti ekki greitt atkvæði af þeim sökum. Var ákveðið að halda opinni atkvæðagreiðslu undir lið tvö og þrjú vegna þessa en jafnframt að halda dagskrá fundarins áfram á meðan unnið væri í því að lagfæra sambandið í rafræna kerfinu.

### 4. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum

Fundarstjóri gerði stuttlega grein fyrir tillögunni.

#### a. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum

„Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 18. mars 2022 samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 280.645.120 að nafnvirði, einvörðungu til lækkunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/2995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 2.964.414.740 að nafnvirði í kr. 2.683.769.620 að nafnvirði.“

Gerði fundarstjóri grein fyrir greinargerð með tillögunni í fundargögnum, þ.e. til heimildar síðasta aðalfundar til stjórnar um kaup á allt að 10% eigin hlutum. Stjórn félagsins hafi nýtt heimildina til kaupa á 9,47% útistandandi hluta í byrjun árs eins og nánar er gerð grein fyrir í greinargerð. Tillaga væri gerð um lækkun hlutafjár um þessa eigin hluti í eigu félagsins sjálfs.

Atkvæðageiðsla fór fram, en var ekki lokið vegna tæknilegra vandamála, og var haldið opinni. Niðurstöður birtar síðar.

Haldið var áfram með dagskrá fundarins og atkvæðagreiðslu haldið opinni á meðan unnið var með rafræna fundarkerfið sbr. framansagt undir fundarliðum nr. 2 og 3.

## 5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögum stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins:

### a. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum (sbr. liður 4)

Stjórn gerði tillögu um breytingar á 1. mgr. 4. gr. samþykpta félagsins til samræmis við samþykkt í dagskrárlið fjögur um lækkun hlutafjár. Verður mgr. þá eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 2.683.769.620, tveirmilljarðarsexhundruðáttatíuogþrjámilljónir-sjöhundruðsex tíuogníupúsundsexhundruðogtuttugukrónur 00/100-.

### b. Tillaga um kaup á eigin hlutum

Stjórn gerði svohljóðandi tillögu um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum sem yrði viðauki við samþykktir félagsins:

„Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 18. mars 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Gerði fundarstjóri grein fyrir helstu sjónarmiðum að baki seinni tillögunni, sbr. greinargerð í fundargögnum, en stjórnin væri með þessu að óska eftir samskonar heimild til endurkaupa eigin hluta frá hluthöfum eins og samþykkt hafi verið á síðasta aðalfundi.

Bauð hann upp á umræður um tillöguna en enginn óskaði eftir að taka til máls og bar tillögurnar tvær næstu undir atkvæðagreiðslu fundarins. Atkvæðageiðsla fór fram, en var ekki lokið vegna tæknilegra vandamála, og var haldið opinni. Niðurstöður birtar síðar.

Haldið var áfram með dagskrá fundarins og atkvæðagreiðslu haldið opinni á meðan unnið var með rafræna fundarkerfið sbr. framansagt undir fundarliðum nr. 2, 3. og 4.

## 6. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

„Sýn hf. stefnir að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Við mótnun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:

- Markmiða fjárstýringarstefnu félagsins
- Markaðsaðstæðna
- Fjárfestingarþarfar félagsins“

Fundarstjóri gerði grein fyrir að tillagan væri efnislega samhljóða tillögu að arðgreiðslustefnu sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins og að hún þarfnaðist að öðru leyti ekki skýringa. Tillagan var

borin undir umræðu en enginn bað um orðið. Atkvæðagreiðsla fór fram, en var ekki lokið vegna tæknilegra vandamála, og var haldið opinni. Niðurstöður birtar síðar.

Haldið var áfram með dagskrá fundarins og atkvæðagreiðslu haldið opinni á meðan unnið var með rafræna fundarkerfið sbr. framansagt undir fundarlið nr. 2, 3, 4. og 5.

## 7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Gerði fundarstjóri grein fyrir tillögu stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu frá síðasta aðalfundi. Stjórn teldi breytingar sem gerðar hafi verið á starfskjarastefnu félagsins á fyrri aðalfundum hafi gefist vel og teldi ekki ástæðu til frekari breytinga.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Atkvæðagreiðsla fór fram, en var ekki lokið vegna tæknilegra vandamála, og var haldið opinni. Niðurstöður birtar síðar.

Haldið var áfram með dagskrá fundarins og atkvæðagreiðslu haldið opinni á meðan unnið var með rafræna fundarkerfið sbr. framansagt undir fundarlið nr. 3.

## 8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2022

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

*„Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:*

- a) Stjórnarformaður fái kr. 625.000 á mánuði.*
- b) Varaformaður fái kr. 470.000 á mánuði.*
- c) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 310.000 á mánuði.*
- d) Varastjórnarmenn fái kr. 125.000 fyrir hvern setinn fund.*
- e) Formenn undirnefnda fái kr. 125.000 á mánuði.*
- f) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 65.000. á mánuði, sbr. þó g. liður*
- g) Kosnir meðlimir tilnefningarnefndar, sem og aðrir utanaðkomandi ráðgjafar undirnefnda, fái greitt á grundvelli samþykktar tilboðs. Greiðslur til endurskoðenda skulu jafnframt vera samkvæmt samþykktu tilboði.“*

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögunni, að í henni fælist lítillæg hækkun stjórnarlauna og nefndarmanna undirnefnda til samræmis við launa- og verðlagsþróun, u.þ.b. 5%. Tillagan var til umræðu og afgreiðslu eins og aðrar tillögur á fundinum. Tók enginn til máls. Atkvæðagreiðsla fór fram, en var ekki lokið vegna tæknilegra vandamála, og var haldið opinni. Niðurstöður birtar síðar.

Gerði fundarstjóri nú stutt hlé í þeim tilgangi að athuga niðurstöðu rafrænnar atkvæðagreiðslu í liðum 1-8. Að því loknu kynnti fundarstjóri að tillögur 1-8 væru allar samþykktar samhljóða og tillögur sem krefðust aukins meirihluta hafi verið samþykktar með þeim aukna meirihluta sem til þyrfti.

## 9. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri upplýsti að sex framboð hefðu borist í fimm sæti aðalstjórnar félagsins. Tilnefningarnefnd félagsins hafi tilnefnt í stjórn þau Hjörleif Pálsson, Jóhann Hjartarson, Pál Gíslason, Petreu Ingileifi Guðmundsdóttur og Sesselíu Birgisdóttur. Þá gæfi Sólveig R Birgisdóttir einnig kost á sér í aðalstjórn félagsins.

Bauð fundarstjóri frambjóðendum að gera grein fyrir sér og sínum störfum. Komu allir frambjóðendur í kjölfarið í pontu og gerðu grein fyrir framboði sínu utan Jóhanns Hjartarsonar sem var staddur erlendis og hafði undirbúið myndband með kynningu sinni sem spilað var fyrir fundarmenn.

Þakkaði fundarstjóri frambjóðendum til stjórnar fyrir sínar kynningar og upplýsti að búið væri að opna fyrir atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör í aðalstjórn og gerði grein fyrir fyrirkomulagi kosningar, að um væri að ræða meirihlutakosningu á milli einstaklinga. Fundarmenn gætu kostið einn til fimm frambjóðendur.

Atkvæðagreiðsla fór nú fram með rafrænum hætti, og voru engir tæknilegir vankantar á henni.

Að atkvæðagreiðslu lokinni upplýsti fundarstjóri að eftirtaldir hafi hlotið kosningu og atkvæðahlutfall hvers og eins: Hjörleifur Pálsson (100%); Jóhann Hjartarson (99,9%); Páll Gíslason (96,54%); Petrea Ingileif Guðmundsdóttir (100%); og Sesselía Birgisdóttir (88,43%). Upplýsti fundarstjóri jafnframt að Sólveig R Birgisdóttir hafi fengið 11,57% atkvæða.

Upplýsti fundarstjóri að sjálfkjörið væri í varastjórn félagsins þar sem í framboði væru Óli Rúnar Jónsson og Salóme Guðmundsdóttir.

Óskaði fundarstjóri stjórnarmönnum í aðal- og varastjórn til hamingju með kjörið.

#### **10. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjálfkjörið væri í tilnefningarnefnd félagsins. Gefið höfðu kost á sér Guðríður Sigurðardóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson. Fundarstjóri óskaði þeim til hamingju með kjörið.

#### **11. Kosning endurskoðanda félagsins**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn félagsins legði til við aðalfund að Deloitte ehf. verði áfram endurskoðunarfélag félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### **12. Önnur mál löglega upp borin**

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál væru á dagskrá fundarins og bauð fólki að taka til máls undir liðnum.

Stefán Ákason kom í pontu og lagði til að aðalfundur félagsins yrði ekki rafrænn aftur með hliðsjón af tilteknum truflunum sem urðu á rafræna atkvæðakerfi fundarins.

Hjörleifur Pálsson tók því næst til máls og þakkaði Stefáni ábendinguna og upplýsti að stjórn myndi taka tillöguna og framkvæmd fundarins til skoðunar fyrir næsta aðalfund. Vakti hann jafnframt athygli á veitingum sem viðstöddum fundarmönnum stæði til boða og að vonir hans stæðu til þess að viðstaddir gæfu sér tíma til að staldra við, njóta og spjalla í kjölfar fundarins.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki. Var fundi slitið kl. 16.10.

Framangreint staðfestist hér með.

  
Kristinn Hallgrímsson hrl.  
fundarstjóri

  
Hulda Katrín Stefánsdóttir, lögmaður,  
fundarritari